

# Skólaráðsfundur

23. mars 2017

Mættir: Tinna Hallgríms, Sigurdís, Rut, Svava, Magnús, Kristín og Elín S.

Oddur og Inga Rut boðuðu forföll.

1. Umræðu um sturtur eftir íþróttir frestað til næsta fundar
2. **Skóladagatal 2017-2018**
  - Fræðslunefnd hefur samþykkt skóladagatal sem lagt var fyrir nefndina.
3. **Skólapúlsinn**
  - Farið yfir niðurstöður úr foreldrakönnun 2016-2017 sem gerð var í febrúar 2017
  - Niðurstöður bornar saman við landsmeðatal
  - Rætt um að hafa kannanir annað hvert ár. Kostnaður við kannanir og mikil vinna sem fer í þær. Þátttaka foreldra var minni en í fyrra og því tillaga um að fækka könnunum.
  - Rætt um einelti, í nemendakönnunum er farið sérstaklega yfir hvað einelti er. Rætt um mun á stríðni og einelti og velt upp þeirri spurningu hvort þurfi að senda líka fræðslu til foreldra um þennan mun.
4. **Starfsmannamál 2017-2018**
  - Farið yfir starfsmannamál, inn koma starfsmenn í afleysingar í fæðingarorlofi og einnig hefur verið ráðinn starfsmaður til frambúðar.
5. **Öskudagur í Stóru-Vogaskóla, í sveitarfélaginu**
  - Skólaráð mælir með að öskudegi verði gert hærra undir höfði. Farið í leiki og brotið upp. Rætt um ýmsa möguleika á þessum degi.
6. **Árshátíð nemenda**
  - Breytingar á tímasetningu árshátíðar. Búið að skipta á tvo daga og nú verður ball fyrir yngri nemendur líka.
  - Breyting á aðgangseyri 500 krónur í stað 1000 króna áður. En nú eru veitingar ekki innifaldar lengur heldur er hægt að kaupa þær sér. Nemendur greiða ekki aðgangseyri en geta keypt veitingar.
7. **Umsókn send í Sprotasjóð**
  - Sótt um áframhaldandi styrk vegna móðurmálskennslu erlendra nemenda. Þykir ganga vel það form sem er á kennslunni núna og er áhugi á að halda henni áfram.
8. **Önnur mál**

Næsti fundur miðvikudaginn 19. apríl kl 08:00

Fundi slitið kl 09:40.

Fundarritari: Elín Þ. Samúelsdóttir